

Rekstraraðili innkaupa

Fjársýsla ríkisins
Stefan Paunov

Innkaup

FA Cleaning supplies
22136

3.1 Tilkynning um töku tilboðs

Ágæti viðtakandi

Það tilkynnist hér með að tilboð frá SRX, Tandur og Rekstrarvörum hafa verið endanlega samþykkt í hluta 1 og er því kominn á bindandi samningur milli aðila í hluta 1 í ofangreindu útboði.

SRX og Tandur eru samþykktir sem birgjar í beinum kaupum en allir þrír birgjar geta tekið þátt í örútbodum.

Bjóðendum var tilkynnt með tölvupósti þann 20 mars 2025 sl. að ákveðið hefði verið að velja ofangreind tilboð og ennfremur að a.m.k. tíu dagar skuli líða frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 210.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu Alþingis:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kærueimildir: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/opinber-innkaup/kaerunefnd-utbodsmala/>

Netfang kærunefndar útboðsmála er knu@yfiskattanefnd.is og símanúmer nefndarinnar er +354 575 8700.

Fjársýslan þakkar fyrir þátttökuna.